

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á byggingarskilmálum deiliskipulags á Víðinesi í landi Hreðavatns, Borgarbyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, hefur sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkt eftirfarandi breytingar á byggingarskilmálum deiliskipulagsins:

Breytingin felst í því að kröfum um efnisval er breytt, stærðarmörkum er breytt úr 120 m² í 140 m² og hæsta punkti þaks breytt úr 3,6 m í 4,2 m.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 19. júní 2007.

Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007